



# Framkvæmda- fréttir 22. tbl. /06



Brúin yfir Hornafjarðarfljót var byggð 1961.

## Hringvegur um Hornafjarðarfljót í Hornafirði

### Drög að tillögu að matsáætlun

Vegagerðin hefur lagt fram drög að tillögu að matsáætlun vegna fyrirhugaðra breytinga á Hringvegi (1) um Hornafjarðarfljót. Skýrsluna í heild má finna á vef Vegagerðarinnar, vegagerdin.is. Hér á eftir fer stuttur útdráttur úr 1. kafla.

Framkvæmdaraðili er Vegagerðin og ber hún ábyrgð á mati á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar. Í matsvinnunni verða skoðaðir nokkrir kostir. Matsáætlun fyrir framkvæmdina er unnin skv. lögum nr. 106/2000 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum.

Almenningur og umsagnaraðilar geta komið á framfæri athugasemdem og fyrirspurnum um matsáætlunina og gefið ábendingar um hvernig staðið skuli að einstökum þáttum matsvinnunnar, t.d. varðandi hvort rannsóknir nái til nauðsynlegra umhverfisþátta og fyrirhugaðar kynningar séu nægilegar. Hægt er að senda tölvupóst til Ernu Hreinsdóttur (erna.

b.hreinsdottir@vegagerdin.is). Þá er auk þess hægt að senda skriflegar athugasemdir til:

*Vegagerðin, b.t. Ernu Hreinsdóttur,  
Borgartúni 5-7, 105 Reykjavík*

Athugasemdir þurfa að hafa borist fyrir 31. júlí 2006.

### Inngangur

Á vegáætlun (2008) er 166 m.kr. fjárveiting til framkvæmda á Hringvegi um Hornafjarðarfljót. Einnig er fyrirhugað að fjármagna framkvæmdina með söluandvirði Símans fyrir 800 m.kr. Samtals eru fjárveitingar til verksins því 966 m.kr. Gróft áætlað er kostnaður við framkvæmdina hærri en þessu nemur eða 1,7- 2,2 milljarðar kr. Þar af er kostnaður við brúagerð áætlaður um 880 m.kr. Framkvæmdin er 11-18 km löng veglagning, háð veglínunum og nær frá

### Framkvæmdir á Norðaustursvæði

Sjá kort á bls. 10-15

### Sundabraut 2. áfangi - Drög að tillögu að matsáætlun

Sjá bls. 6-9

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 22. tbl. 14. árg. nr. 443 17. júlí 2006

Ritstjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar  
Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**  
**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
(bréfsími 522 1109)  
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

Hringvegi vestan Hornafjarðarfljóts, yfir Hornafjarðarfljót og að Hringvegi skammt austan Hafnarvegar sem liggur að Höfn í Hornafirði. Framkvæmdin styttir Hringveginn um 10-12 km. Allur undirbúningur miðast við að framkvæmdir geti hafist árið 2008.

### Núverandi samgöngur

Árið 1974 varð bylting í samgöngumálum í Hornafirði með tengingu Hringvegarins. Samgöngur um Hringveginn eru greiðar því hann hefur að mestu verið byggður upp og lagður bundnu slitlagi. Núverandi vegarkafli á Hringvegi (1) sem

fyrirhugað er að endurbyggja er 30,3 km langur og á honum eru þrjár einbreiðar brýr; yfir Djúpa, Hornafjarðarfljót og Hoffellsá. Vegstæði núverandi vegar er að mestu leyti á flötu, grónu landi. Byggð meðfram Hringveginum er nokkuð þétt í Nesjahverfi og við Holtabæi.

Skipulagðar flugsamgöngur fara um Hornafjarðarflugvöll. Á vellinum er 1.500 m löng flugbraut lögð bundnu slitlagi, ágætlega búin flugstöðvarbygging og svigrúm til frekari uppbyggingar á flughlaði og stækkunar vallarins.

Í bréfi frá Flugmálastjórn til sveitarfélagsins Hornafjarðar dags. 23. mars 2006 varðandi veglínur í nágrenni Hornafjarð-







Forsenda fyrir staðsetningunni var fyrirhuguð stækkun flugvallarins til suðurs. Við skoðun Vegagerðarinnar á mögulegum veglínum um Hornafjarðarfljót var ákveðið að gera tillögur að veglínum sem liggja minna úti í sjó, m.a. til að draga úr kostnaði. Þær veglínur sem kynntar eru í matsáætlun liggja því norðar á svæðinu en aðalskipulagslínar.

Nú stendur yfir vinna á vegum sveitarstjórnar Hornafjarðar við endurskoðun aðalskipulags. Sveitarstjórnin hefur tilkynnt Vegagerðinni að við endurskoðun aðalskipulagsins verði sýnd ný veglína á aðalskipulagsupprætti. Á fundi bæjarstjórnar þann 11. maí 2006 var samþykkt tillaga Vegagerðarinnar með breytingum bæjarstjórnar. Leið 3 sem hér er sýnd er skv. tillögum bæjarstjórnar að breytingum.

Í þessari tillögu að matsáætlun eru kynntir þrír kostir, leið 1, leið 2 og leið 3. Allar leiðirnar liggja um fremur slétt land og um votlendi. Miðað er við að veglínur geti færst til innan svæðisins ef matsvinnan leiðir í ljós að það sé nauðsynlegt. Mögulegt er að skeyta leiðum saman við Hornafjarðarfljót, þannig að ein leið vestan Hornafjarðarfljóts verði sett saman við aðra leið austan við Hornafjarðarfljót.

### Leið 1

Veglínan sveigir frá núverandi Hringvegi vestan Hornafjarðarfljóts, til suðurs á milli bæjanna Holts og Tjamar. Hún þverar Hornafjarðarfljót á mótis við Skógey og liggur þaðan norður fyrir Hornafjarðarflugvöll. Veglínan sameinast Hringvegi á milli Seljavalla og Dýhóls. Nýr vegur er 11,1 km langur og

styttir Hringveginn um 11,0 km. Þörf er á að lagfæra vegamót við Hafnarveg sem og núverandi veg austur fyrir Haga. Þær endurbætur þyrfti að fara í sérstaklega ef þessi kostur yrði fyrir valinu. Hafa ber þetta í huga við samanburð leiða.

### Leið 2

Veglínan sveigir frá núverandi Hringvegi um 2,5 km austan við Hólmsá. Þaðan liggur hún sunnan við Stóraból og þverar Hornafjarðarfljót á mótis við Skógey, u.þ.b. 250 m sunnar en leið 1. Veglínan liggur skammt norðan við Hrísey og þaðan yfir í Árnanes. Frá Árnanesi liggur veglínan í sunnanvert Dilksnes og stefnir þaðan yfir land að núverandi Hringvegi við Haga. Nýr vegur er 17,5 km langur og styttir Hringveginn um 12,0 km.

### Leið 3

Veglínan fylgir leið 2 austur yfir Hornafjarðarfljót en liggur síðan sunnan við hana. Hún liggur í grennd við leið 2 frá Hornafjarðarfljóti að Hrísey. Frá Hrísey liggur veglínan í sunnanvert Árnanes, síðan norðan við Hrafsey, suður fyrir Hafnarnes og fylgir eftir það línu skv. aðalskipulagi Hornafjarðar að Hringvegi norðan við Haga. Leiðin liggur á rúmlega 500 m kafla í Skarðsflóa, en hann er á náttúruminjaskrá. Þessi valkostur er settur fram í samráði við sveitarstjórn Hornafjarðar. Nýr vegur er 18,8 km langur og styttir Hringveginn um 11,5 km





## Vegagerð

Vegurinn verður að lágmarki hannaður skv. staðli fyrir vegtegund C1. Heildarbreidd vegar verður ekki minni en 7,5 metrar. Hönnunarhraði verður 90 km/klst. Vegurinn verður hannaður fyrir 11,5 t öxulþunga.

Ekki er búið að staðsetja veglínur endanlega. Miðað er við að byggður verði góður vegur sem fellur vel að landi. Í mat-skýrslu verður fjallað nánar um vegagerð og staðsetningu.

## Brýr, varnargarðar og ræsi

Mörg vatnsföll og lækir eru í vegarstæðinu. Stærsta áin á framkvæmdasvæðinu er Hornafjarðarfljót en aðrar ár eru Bergá, Laxá og Hoffellsá í Nesjum, Djúpá og Brunnhólsá á Mýrum. Laxá og Hoffellsá sameinast á mögulegu framkvæmdasvæði og heita Austurfljót eftir að þær koma saman.

Sjávarfalla gætir í vegstæðinu á leiðum 1, 2 og 3 þar sem farið er yfir Hornafjarðarfljót, á leiðum 2 og 3 þar sem farið er yfir voginn á milli Hríseyjar og Árnanes og yfir voginn á milli Árnanes og Dilksness / Hafnarness og á leið 3 þar sem farið er yfir innanverðan Flóa austan við Hafnarveg.

Hornafjarðarfljót er langstærst af vatnsföllum á svæðinu. Vatnasvið Hornafjarðarfljóts ofan brúar á leiðum 1, 2 og 3 er nánast það sama og vatnasviðið ofan núverandi brúar. Gert er ráð fyrir óbreyttri brúarlengd þ.e. u.þ.b. 250 m langri brú. Byggja þarf samtals tæplega 4 km langa varnargarða til að beina Hornafjarðarfljóti í farveg undir nýja brú. Vatnasvið Djúpár ofan brúar á leiðum 1, 2 og 3 er einnig nánast það

sama og vatnasviðið ofan núverandi brúar. Gert er ráð fyrir óbreyttri brúarlengd þ.e. u.þ.b. 50 m langri brú.

Brúargerð austan Hornafjarðarfljóts er háð veglínunum en vatn úr Bergá, Laxá og Hoffellsá þarf að komast til sjávar. Vatnasvið Hoffellsár á leið 1 er 108 km<sup>2</sup> og á þeirri leið er gert ráð fyrir 80 m langri brú. Vatnasvið Laxár ofan brúar á leið 1 er nánast það sama og vatnsviðið ofan núverandi brúar. Engu að síður getur verið að brúin á leið 1 yfir Laxá verði að vera lengri en núverandi brú vegna þess að í núverandi brúarstæði er klöpp í árbotni, veggæðin þar er 7,7 m yfir árbotni og ásættanleg vatnshæð í flóðum er þar 5 m hærra en árbotninn. Óvíst er að nýja brúarstæðið uppfylli öll þessi skilyrði.

Á leiðum 2 og 3 eru Hoffellsá og Laxá brúaðar saman í voginum á milli Hríseyjar og Árnanes, vatnasvið 171 km<sup>2</sup>, og þar er gert ráð fyrir 100 m langri brú. Á leiðum 2 og 3 er Bergá brúuð í voginum á milli Árnanes og Dilksness / Hafnarness. Áætluð brúarlengd er 25 m og ræðst brúarlengdin ekki af aðstæðum þegar flóð eru í Bergá heldur af því skilyrði að munur flóðs og fjöru á að vera óbreyttur að loknum framkvæmdum.

Ræsa hönnun hefur ekki farið fram. Ræsi verða staðsett þar sem búast má við rennandi vatni, bæði þar sem er sírennandi vatn og þar sem myndast geta vatnsfarvegir í leysingum að vori og þegar úrkoma er mikil. Ræsum verður ennfremur komið fyrir þar sem hætta er á að vatn geti safnast fyrir, ofan við veginn.



## Sundabraut 2. áfangi - Drög að tillögu að matsáætlun

Skýrsla Línuhönnunar um 2. áfanga Sundabrautar „Drög að tillögu að matsáætlun“ er nú aðgengileg á vef Vegagerðinnar, vegagerdin.is. Birtingin er til kynningar en frá 7. júlí til 21. júlí gefst almenningi tækifæri til að senda inn athugasemdir við tillöguna. Eftir það verða drögin, ásamt athugasemdum almennings, send Skipulagsstofnun til umfjöllunar.

Athugasemdir skal senda til Ólafs Árnasonar í tölvupósti á netfang: olafura@lh.is eða bréflaga merkt:

Línuhönnun verkfræðistofa

Ólafur Árnason

Suðurlandsbraut 4A

108 Reykjavík

Hér á eftir er birtur stuttur útdráttur úr skýrslunni og á næstu opnu er yfirlitsmynd.

### Samantekt

Í þessari skýrslu er kynnt tillaga að matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum fyrir 2. áfanga Sundabrautar sem fyrirhugað er að liggi frá Gufunesi um Geldinganes, yfir Leiruvog, Gunnunes, Álfsnes og Kollafjörð að tengingu við Vesturlandsveg.

Sundabraut er þjóðvegur nr. 450, stofnvegur og er skilgreindur í þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 2003 – 2006 þannig: Af Reykjanesbraut (Sæbraut) nálægt Holtavegi, yfir Elliðavog, um Gunnunes og Álfsnes, á Hringveg í Kollafirði.

Sundabraut er nauðsynlegur hlekkur í stofnbrautakerfi höfuðborgarsvæðisins samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024. Sundabraut er forsenda fyrir uppbyggingu í Geldinganesi og síðar á Álfsnesi og hefur ennfremur mikla þýðingu fyrir samgöngur á landsvísu og þróun byggðar á suðvesturhorni landsins.

Sundabraut mun spara tíma fyrir vegfarendur og auka öryggi í umferðinni, bæði með styttingu vegalengda og aukinni umferðarrým.


Með uppbyggingu í Geldinganesi og síðar á Álfsnesi verður brýn nauðsyn á byggingu 2. áfanga Sundabrautar þannig að umferð á milli þessara hverfa annars vegar og miðborgarsvæðisins og suðurhluta höfuðborgarsvæðisins hins vegar, uppfylli kröfur um greiðleika og öryggi. Áætlað er að u.þ.b. 8-10.000 íbúa byggð rísi á Geldinganesi og að fyrstu lóðum verði úthlutað árið 2007.

Með lagningu Sundabrautar mun þjóðvegur frá Kvosinni í miðbæ Reykjavíkur upp á Kjalarnes, miðað við að nú sé farið um Sæbraut og Vesturlandsveg, styttað um 7,5 - 9 km eftir því hvort miðað er við Innri- eða Ytri - leið skv. valkostum framkvæmdaraðila.

Lagning 2. áfanga Sundabrautar mun verða í áföngum og áætlað að geta byrjað framkvæmdir við lagningu brautarinnar út í Geldinganes á árinu 2008. Síðan verður haldið áfram í samræmi við fjárveitingar til verkefnisins.

Í tillögu að matsáætlun er fyrirhugaðri framkvæmd og framkvæmdasvæði lýst og fjallað um umfang og áherslur umhverfismatsins. Fjallað er um þá umhverfisþætti sem teknir verða fyrir í matinu. Í frummatsskýrsu verða áhrif á eftirfarandi þætti metin: Gróðurfar; fuglalíf, jarðmyndanir, landslag og sjónræna þætti, hljóðvist, loftgæði, hafstrauma, laxfiska og botndýralíf, fornleifar; vatnsvernd, útivist og verndargildi svæða á náttúruinjasrá.

Í matsáætlun er tilgreint hvaða gögn eru fyrir hendi sem nýtt verða við matið og hvaða rannsóknir er fyrirhugað að ráðast í vegna mats á umhverfisáhrifum.



### Auglýsingar útboða

#### Vetrarþjónusta, Akureyri – Ólafsfjörður 2006-2009

06-064

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í snjómokstur með vörubifreiðum ásamt stjórnun og eftirliti með snjómokstri, innan ramma marksamnings, á eftirfarandi leiðum milli Akureyrar og Ólafsfjarðar:

- Hringvegur (1)
- Ólafsfjarðarvegur (82)
- Skíðadalsvegur (807)
- Svarfaðardalsvegur (805)
- Tunguvegur (806)
- Hjalteyrarvegur (811)
- Hauganesvegur (809)
- Árskógsvegur (808)

Helstu magntölur (miðast við eitt ár) eru:

- Vörubílar í snjómokstri og hálkuvörn 42.500 km
- Akstur eftirlitsbíla ..... 19.000 km
- Verktími er frá 1. október 2006 til og með 30. apríl 2009.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 17. júlí 2006. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 1. ágúst 2006 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Upplýsingar um framkvæmdina

Framkvæmdin felst í byggingu 8 km langs vegar sem þverar Eiðisvík, Leiruvog og Kollafjörð.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að bæta samgöngur á norðurhluta höfuðborgarsvæðisins, bæta tengingu Vestur- og Norðurlands við höfuðborgarsvæðið, auka öryggi í samgöngum, létta á umferðarþunga á öðrum vegum, auka hagræði í samgöngum og atvinnustarfsemi og opna fyrir þróun byggðar á höfuðborgarsvæðinu til norðurs og norðausturs.

### Valkostur 1, ytri leið

Annar áfangi Sundabrautar tengist þeim fyrri í Gufunesi norðan við fyrirhuguð gatnamót við Hallsveg þar sem áður var sorpurðunarstaður og áburðarverksmiðja ásamt öryggisvæði umhverfis hana. Gert er ráð fyrir því að athafnastarfsemi þar leggist af á næstu árum samkvæmt skipulagi, en í staðinn rísi þar blönduð byggð sem teygi sig að hluta til á landfyllingar við nesið. Sú byggð hefur verið kennd við Gufunes. Staðsetning tengingar fyrri og seinni áfanga er ekki háð legu eða útfærslu á fyrri áfanga Sundabrautar.

Valkostur 1 er í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-20024. Þar er gert ráð fyrir að seinni áfangi Sundabrautar tengist Vesturlandsvegi norðan við Kollafjörð með því að þvera Eiðsvík, Leiruvog og Kollafjörð. Gert er ráð fyrir að þveranirnar verði að mestu leyti á fyllingum og lágbrúm þar sem þarf. Eiðsvík verður þveruð á fyllingum að öllu leyti. Í valkosti 1 er gert ráð fyrir að brautin taki sveig til norðvesturs þar sem hún þverar Geldinganes nálægt miðju nesinu. Þar er gert ráð fyrir að brautin sé að hluta til í jarðgöngum. Hún þverar því mynni Leiruvogs töluvert vestarlega. Þverun hans er að mestu á lágri fyllingu en í henni verða tvær brýr, hvor sínu megin í sundinu, til að tryggja vatnsskipti í vöginum. Brautin liggur vestan til á Gunnunesi þar sem hún kemur í land á Álfsnesi, liggur meðfram urðunarsvæði Sorpu og að Kollafirði. Til er samkomulag um legu Sundabrautar á Álfsnesi við mörk athafnasvæðis Sorpu í Álfsnesi. Þverun Kollafjarðar er einnig að mestu á fyllingu en í miðjum firði er gert ráð fyrir brú sem tryggir vatnsskipti innan við fyllinguna. Fyllingin í Kollafirði verður nokkuð hærri en fyllingin í mynni Leiruvogs vegna þess að land er nokkuð hátt báðum megin fjarðar.

Þversnið Sundabrautar er svokallað A1 þversnið samkvæmt vegstaðli Vegagerðarinnar. Í því felst að brautin hefur tvær 8 m breiðar akbrautir með tveimur akreinum hvora, 11 m breiðan miðdeili (bil á milli akbrauta) og axlir. Heildarbreidd þversniðsins milli ytri axlabrúna er 34 m. Gert er ráð fyrir að hægt sé að bæta þriðju akreininni við hvora akbraut með því að skerða miðdeili og þá sé sett vegrið milli akstursstefna. Gert er ráð fyrir að öll gatnamót Sundabrautar verði mislæg þar sem umferð um Sundabraut verði í fríu flæði. Hliðarvegir eru ýmist stofnbrautir eða tengibrautir með gatnamót í plani við rampa Sundabrautar. Reiknað er með gatnamótum við Borgarveg á Gufunesi, tvennum gatnamótum á Geldinganesi og tvennum gatnamótum á Álfsnesi, Loks er svo reiknað með mislægum gatnamótum á Kjalarnesi þar sem Sundabraut tengist núverandi Vesturlandsvegi vestan við Leiðhamra.

### Valkostur 2, innri leið

Valkostur 2 er að öllu leyti sambærilegur við valkost 1 fyrir utan þverun Geldinganes og Leiruvogs. Valkostur 2 gerir ráð fyrir legu töluvert austarlega á Geldinganesi og að Leiruvogur sé einnig þveraður innarlega í sundinu milli Geldinganes og Gunnness.

Endanleg staðsetning á valkosti 2 gæti hins vegar legið einhvers staðar á milli legu valkostar 1 og teiknaðrar legu valkostar 2 innan athugunarsvæðisins, sjá yfirlitskort. Ekki er gert ráð fyrir jarðgöngum undir Geldinganes heldur verði hún að nokkru leyti niðurgráfin. Brautin liggur austan til á Gunnunesi þar sem hún kemur í land á Álfsnesi. Á Álfsnesi og yfir Kollafjörð er gert ráð fyrir sömu legu og í valkosti 1.

### Núllkostur

Núllkostur er sú lausn að fyrri áfangi Sundabrautar tengist einungis innra gatnakerfi Grafarvogshverfis (Hallsvegi og e.t.v. Borgarvegi) og hugsanlega nýrri byggð í Gufunesi og Geldinganesi. Sundin, Leiruvogur og Kollafjörður verða þá ekki þveruð frekar.

Núllkosturinn uppfyllir ekki nema að takmörkuðu leyti markmið framkvæmdarinnar. Umferð frá höfuðborgarsvæðinu til norðurs og vesturs verður áfram um Vesturlandsveg og í gegnum Morfellsbæ. Uppbygging á Álfsnesi verður óraunhæf. Umferð um Vesturlandsveg eykst mjög mikið. Líklegt er að umferð dreifist með óæskilegum hætti á gatnakerfi svæðisins sem aftur eykur tafir í umferðinni og minnkar umferðaröryggi.

### Aðrar lausnir

Lega Sundabrautar yfir Geldinganes og Álfsnes er fyrst og fremst bundin af því að Leiruvogurinn er talinn hafa mikið umhverfislegt gildi. Vogurinn er á náttúruminjaskrá og fjörurnar njóta hverfisvandar. Allar veglínur inn fyrir Geldinganes og á innanvert Álfsnes þykja því ekki koma til greina.

Þverun Kollafjarðar þykir heppilegri kostur en að fara með alla umferð til og frá Höfuðborgarsvæðinu um botn Kollafjarðar. Þverunin stýttir leiðina um 3,5 km. Auk þess bendir líkleg umferðaaukning næstu ár á Hringvegi við Kollafjörð til þess að þörf sé á breikkun núverandi vegar áður en Álfsnesið byggist upp eftir 2024. Sú breikkun myndi rýra gildi útivistarsvæðisins sem er í botni fjarðarins skv. deiliskipulagi Mógilsár og Kollafjarðar. Ekki þarf að koma til þessarar breikkunar ef Kollafjörður er þveraður.

Lega þverunar Kollafjarðar ræðst af eðlilegu framhaldi Sundabrautarinnar yfir Álfsnesið og dýpi Kollafjarðar.

### Mat á umhverfisáhrifum, verkferill

Að auglýsingatíma loknum, í seinni hluta júlí verður til-laga að matsáætlun, ásamt athugasemdum almennings, send Skipulagsstofnun til formlegrar umfjöllunar. Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um tillögu framkvæmdaraðila innan fjögurra vikna og gefst almenningi sömuleiðis á því tímabili tækifæri til að skila inn athugasemdum og þá til Skipulagsstofnunar. Á meðan á meðferð Skipulagsstofnunar stendur verður tillagan send lögbundnum umsagnaraðilum til umsagnar.

Við gerð frummatsskýrslunnar verður haft samráð við almenning, Skipulagsstofnun og umsagnaraðila í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum. Áætlað er að skila frummatsskýrslu til Skipulagsstofnunar þann 15. janúar 2007. Niðurstöður matsvinnunnar verða kynntar almenningi í samráði við Skipulagsstofnun á kynningartíma frummatsskýrslunnar. Frummatsskýrslan verður aðgengileg á opinberum stöðum, auk þess að verða aðgengileg á vefnum. Nánari upplýsingar um aðgang að skýrslunni verða auglýstar síðar í fjölmiðlum.





Viðey

Geldinganes

Gufunes

Eiðsvík

Valkostur 1 - Ytri leið

Gunnar

Borgarholt

Valkostur 2 - Innri leið

Blikastaðakró

Staðahverfi

Úlfarsa

SKÝRINGAR

- = Veglinur Sundabráutar, valkostur 1 - Ytri leið og valkostur 2 - Innri leið
- = Mörk athugunarsvæðis
- - - = Áætlaðar staðsetningar brúaröpa
- = Áætlaðar staðsetningar mislægra gátnamóta







DAGSETT: Júní 2006  
 TEKNAÐ: STP  
 BLADSTÖÐ: A3  
 SKALA: 1:20.000



VEGAGERÐIN



REYKJAVÍKURBORG

**SUNDABRAUT - 2. ÁFANGI  
 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM**

Valkostir og afmörkun athugunarsvæðis




**Línuhönnun**  
 VERKFRÆÐISTOFA

# Framkvæmdir 2006, kort 8

Vegarkafarnir sem unnið er við eru merktir inn á kortið og framkvæmdum lýst í stuttu máli. Stærstu viðhaldsverk eru merkt inn á kortið án texta.

Fjárveitingar nýbygginga eru taldar upp í flestum tilfellum. Athugið að breytingar geta orðið á einstökum verkum.

85 Norðausturvegur  
Arnarstaðir - Kópasker  
Endurbýgging: 6,5 km  
Fjárveiting 2007: 96 m.kr.  
Fjárveiting 2008: 59 m.kr.  
Verktaki: Burkney ehf.  
Verklok: september 2006



Herðubreið

Óxáðahraun

F752 F821 F26







5 0 5 10 15 20 km









85 Norðausturvegur  
 Katastaðir - Krossavík  
 Nýbygging: 28 km  
 Fjárveiting 2005: 100 m.kr.  
 Fjárveiting 2006: 207 m.kr.  
 Fjárveiting 2007: 300 m.kr.  
 Fjárveiting 2008: 507 m.kr.  
 Útboði frestað um óákveðinn tíma  
 samkvæmt ákvörðun  
 ríkisstjórnarinnar



### Framkvæmdir







-  Nýbyggingar, bundið slitlag
-  Nýbyggingar, malarslitlag
-  Yfirlagnir, viðhald á slitlagi eða seinna lag klæðingar
-  Styrkingar eða festun burðarlags
-  Styrkingar á malarvegi
-  Viðhald á malarslitlagi

### Vegakerfið

-  Stofnvegir með bundnu slitlagi
-  Stofnvegir með malarslitlagi
-  Tengivegir með bundnu slitlagi
-  Tengivegir með malarslitlagi
-  Landsvegir með bundnu slitlagi
-  Landsvegir með malarslitlagi







1 Hringvegur  
 Arnórstaðamúli  
 Nýbygging: 6 km  
 Fjárveiting 2005: 10 m.kr.  
 Fjárveiting 2006: 176 m.kr.  
 Útboði frestað um  
 óákveðinn tíma  
 samkvæmt ákvörðun  
 ríkisstjórnarinnar

## Framkvæmdir

-  Nýbyggingar, bundið slitlag
-  Nýbyggingar, malarslitlag
-  Yfirlagnir, viðhald á slitlagi eða seinna lag klæðingar
-  Styrkingar eða festun burðarlags
-  Styrkingar á malarvegi
-  Viðhald á malarslitlagi

Héðinsfjarðargöng  
 Veggöng samtals: 10,6 km  
 Vegtengingar: 3,2 km  
 Fjárveiting 2006: 725 m.kr.  
 Fjárveiting 2007: 1.694 m.kr.  
 Fjárveiting 2008: 1.914 m.kr.  
 Verktaki: Metrostav a.s./ Háfell ehf.  
 Verklök: desember 2009

## Vegakerfið


-  Stofnvegir með bundnu slitlagi
-  Stofnvegir með malarslitlagi
-  Tengivegir með bundnu slitlagi
-  Tengivegir með malarslitlagi
-  Landsvegir með bundnu slitlagi
-  Landsvegir með malarslitlagi



828 Veigastaðavegur  
 Hringvegur -  
 Eyjafjarðarbraut eystri  
 Endurbygging: 3,6 km  
 Fjárveiting 2005: 15 m.kr.  
 Fjárveiting 2006: 27 m.kr.  
 Fjárveiting 2007: 46 m.kr.  
 Útboð: maí 2006  
 Öllum tilboðum hafnað.  
 Annað útboð: haustið 2006







85 Norðausturvegur  
Laxá hjá Laxamýri, brú og vegur  
Brú: 50 m, vegtenging: 2,3 km  
Fjárveiting 2005: 30 m.kr.  
Fjárveiting 2006: 115 m.kr.  
Fjárveiting 2007: 29 m.kr.  
Brúargerð: Vinnuflokkur  
Vegagerðarinnar  
Vegagerð:  
Árni Helgason ehf.  
Verklok: september 2006

85 Norðausturvegur  
Arnarstaðir - Kópasker  
Endurbygging: 6,5 km  
Fjárveiting: Bráðabirgðalán  
frá Hófaskarðsleið 100 m.kr.  
Verktaki: Burkney ehf.  
Verklok: september 2006


861 Ásbyrgisvegur  
Norðausturvegur -  
tjaldstæði  
Nýbygging: 0,8 km  
Fjárveiting: 12 m.kr.  
Verktaki: Vökvaþjónusta  
Kópaskers ehf.  
Verklok: júní 2006


862 Dettifossvegur  
Hringvegur-Dettifoss  
Nýbygging: 21 km  
Innistæða 82 m.kr.  
Fjárveiting 2005: 52 m.kr.  
Fjárveiting 2006: 54 m.kr.  
Fjárveiting 2007: 181 m.kr.  
Fjárveiting 2008: 181 m.kr.  
Útboði frestað um óákveðinn  
tíma samkvæmt ákvörðun  
ríkisstjórnarinnar

87 Kísilvegur  
slitlagsendi á  
Grímsstaðaheiði -  
sæluhús  
Endurbygging: 5 km  
Fjárveiting 2005: 48 m.kr.  
skuld frá 2003: 37 m.kr.  
Fjárveiting 2006: 112 m.kr.  
Verktaki: Árni Helgason ehf.  
Verklok: júlí 2006

## Framkvæmdir 2006, kort 7

Vegarkaflarnir sem unnið er við eru merktir inn á kortið og framkvæmdum lýst í stuttu máli. Stærstu viðhaldsverk eru merkt inn á kortið án texta. Fjárveitingar nýbygginga eru taldar upp í flestum tilfellum. Athugið að breytingar geta orðið á einstökum verkum.





1 Hringvegur  
 Arnórstaðamúli  
 Nýbygging: 6 km  
 Fjárveiting 2005: 10 m.kr.  
 Fjárveiting 2006: 176 m.kr.  
 Útboði frestað um óákveðinn tíma samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar

931 Upphéraðsvegur um Brekkugerðisklif  
 Endurbygging: 1,8 km  
 Unnið fyrir lánsfé frá sveitarfélagi 2006: 15 m.kr.  
 Verktaki: Héraðsverk ehf.  
 Verklök: júní 2006

**Framkvæmdir 2006, kort 9**

Vegarkaflarnir sem unnið er við eru merktir inn á kortið og framkvæmdum lýst í stuttu máli. Stærstu viðhaldsverk eru merkt inn á kortið án texta. Fjárveitingar nýbygginga eru taldar upp í flestum tilfellum. Athugið að breytingar geta orðið á einstökum verkum.

**Framkvæmdir**

	Nýbyggingar, bundið slitlag
	Nýbyggingar, malarslitlag
	Yfirlagnir, viðhald á slitlagi eða seinna lag klæðingar
	Styrkingar eða festun burðarlags
	Styrkingar á malarvegi
	Viðhald á malarslitlagi





931 Upphéraðsvegur  
 Fellabær - Ekkjufell  
 Nýbygging: 1,6 km  
 Fjárveiting 2006:  
 65 m.kr.  
 Útboði frestað um  
 óákveðinn tíma  
 samkvæmt  
 ákvörðun  
 ríkisstjórnarinnar

92 Norðfjarðarvegur,  
 hjáleið Reyðarfirði  
 Lokið verður við framkvæmdir  
 að Austurvegi og tengingu  
 inn á hann, ásamt 400 m  
 framlengingu hjáleiðar  
 á Norðfjarðarveg utan Valhallar.  
 Fjárveiting 2005: 50 m.kr.  
 Verktaki: Arnarfell ehf.  
 Verklök: júlí 2006

1 Hringvegur  
 um Vatnsdalsá  
 Nýbygging á 1,5 km  
 Fjárveiting 2006: 36 m.kr.  
 Útboði frestað um  
 óákveðinn tíma  
 samkvæmt ákvörðun  
 ríkisstjórnarinnar



**Vegakerfið**

- Stofnvegir með bundnu slitlagi
- Stofnvegir með malarslitlagi
- Tengivegir með bundnu slitlagi
- Tengivegir með malarslitlagi
- Landsvegir með bundnu slitlagi
- Landsvegir með malarslitlagi



## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaraust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar. Rautt númer = nýtt á lista

### Fyrirhuguð útboð

**Auglýst:**  
dagur, mánuður, ár

Á fundi ríkisstjórnarinnar þann 27. júní var ákveðið að fresta útboðum og upphafi nýrra framkvæmda á vegum ríkisins. Sú aðgerð er tímabundin en ótímasett. Í samræmi við þessa ákvörðun ber Vegagerðinni að fresta nú þegar öllum fyrirhuguðum útboðum á framkvæmdaverkefnum (nýframkvæmdum).

Par sem nýjar tímasetningar á útboðum liggja ekki fyrir er listi yfir fyrirhuguð útboð Vegagerðarinnar birtur hér óbreyttur en án tímasetningar.

06-048	Vestfjarðavegur (60) í Kollafirði
06-031	Hringvegur (1), Borgarnes, vistgata
06-030	Útnesvegur (574), Háahraun - Hella
06-029	Skorradalsvegur (508), Grund - Hvammur
06-027	Snæfellsnesvegur (54) um Hítará
06-028	Tröllatunguvegur (605), Vestfjarðavegur - Djúpvegur
06-026	Skagafjarðarvegur (752), slitlagsendi - Lýtingsstaðir
06-024	Djúpvegur (61), Reykjanes - Hörtná
06-025	Hólavegur (767), Hólar - Hólalax
06-023	Auðkúluvegur (726) og Blöndudalsvegur (733)
06-022	Uxahryggjavegur (52) um Tröllháls
06-017	Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn
06-015	Ferjubakkavegur (530) um Gufa
06-011	Vetrarþjónusta Norðaustursvæði
06-010	Mölbúrdur og styrkingar Norðaustursvæði
06-004	Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið
06-005	Hringvegur (1) um Vatnsdalsá
06-006	Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell
06-007	Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss
05-047	Hringvegur (1), Ármótasel - Skjöldólfsstaðir 2

### Auglýst útboð

**Auglýst: Opnað:**

06-064	Vetrarþjónusta, Akureyri - Ólafsfjörður 2006-2009	17.07.06	01.08.06
--------	---	----------	----------

### Útboð á samningaborði

**Auglýst: Opnað:**

06-033	Efnisvinnsla á Norðvestursvæði, vesturhluti, 2006-2007	26.06.06	11.07.06
--------	--	----------	----------

## Norræn ráðstefna

### um evrópska staðla í vegagerð

Norræna vegtækisambandið (NVF), deildir 33 og 34 boða til ráðstefnu **föstudaginn 29. september 2006** á Hótel Nordica. (Leiðrétt dagsetning frá auglýsingu sem birtist í síðasta tölublaði.)

Efni ráðstefnunnar eru evrópustaðlar sem fjalla um steinefni (CEN/TC 154) og vegagerðarefni (CEN/TC 227). Ítarleg umfjöllun verður um staðlana og innleiðingu þeirra á Norðurlöndum.

Sjá nánar á heimasíðu ráðstefnunnar:

<http://www.congress.is/cen-nord/>



### Útboð á samningaborði frh.

**Auglýst: Opnað:**

05-038	Garðskagavegur (45) um Sandgerði	26.06.06	11.07.06
06-020	Heggstaðanesvegur (702), Bessastaðir - Sandar	19.06.06	04.07.06
06-018	Víðidalvegur (715), Hrappsstaðavegur - Dæli	12.06.06	27.06.06
06-057	Pverárfjallsvegur (744), brú á Gönguskarðsá	06.06.06	27.06.06
04-072	Garðskagavegur (45) um Stafnes og Ósabatna	15.05.06	30.05.06
06-037	Vetrarþjónusta, Brú - Blönduós 2006-2009	15.05.06	30.05.06
05-064	Hringvegur (1), mismæg gatnamót við Nesbraut, eftirlit	20.02.06	07.03.06

### Samningum lokið

**Opnað: Samið:**

06-060	Kjalvegur 2006 Vélgrafan ehf., Selfoss	27.06.06	10.07.06
06-040	Vetrarþjónusta, Þingeyri - Flateyri - Suðureyri, 2006-2009 Græðir sf.	30.05.06	06.07.06

## Niðurstöður útboða

Á opunarfundi var lesin upp röng tala fyrir áætlaðan verktakakostnað. Hér er birt rétt tala.

### Efnisvinnsla Norðvestursvæði, vesturhluti, 2006 - 2007

Tilboð opnuð 11. júlí 2006. Vinnsla steinefna í malarslitlag á Norðvestursvæði, vesturhluta, árin 2006 og 2007.

Helstu magntölur eru:

Árið 2006 malarslitlag	36.000 m <sup>3</sup>
Árið 2007 malarslitlag	30.000 m <sup>3</sup>

Verki skal að fullu lokið 15. júní 2007.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	77.359.810	100,0	20.650
3 Snókur verktakar ehf.	72.050.000	93,1	15.340
2 Króksverk ehf.	58.850.000	76,1	2.140
1 Tak malbik ehf.	56.710.000	73,3	0

## Garðskagavegur (45)

um Sandgerði 05 - 038

Tilboð opnuð 11. júlí 2006. Endurbygging Garðskagavegar (Strandgötu) í Sandgerði, á 380 m kafla milli Austurgötu og Vitatorgs. Í verkinu felst: upprif á hluta af núverandi slitlagi, yfirlögn malbiks, hellulögn gangstétta og endunýjun allra lagna.

Helstu magntölur eru:

Skeringar í laus jarðlög	2.000 m <sup>3</sup>
Fylling og burðarlög	1.900 m <sup>3</sup>
Kantsteinn	1.000 m
Hellulögn	1.600 m <sup>2</sup>
Malbik	6.700 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. desember 2006.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	50.700.000	100,0	5.700
1 Nesprýði ehf.	45.000.000	88,8	0